

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	04.01.2018
Málalýkill	02.0
Mál nr.	1801026
Mál nr. 9164/2016	

Reykjavík, 29. desember 2017

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

I

Umboðsmaður Alþingis hefur að undanfögnu haft húsnæðisvanda utan-
garðsfólks í Reykjavík til athugunar að eigin frumkvæði í framhaldi af
umfjöllun um kvartanir og ábendingar sem honum bárust. Í athuguninni
hefur sérstaklega verið hugað að möguleikum þeirra sem eiga við áfengis-
og/eða vímuefnavanda að stríða til að fá úrlausn á húsnæðisleysi sínu
með aðstoð Reykjavíkurborgar.

Til stóð að ljúka athuguninni fyrir árslok en í ljósi fréttu sem
birtust í fjölmiðlum um að velferðarráð hefði ákveðið að auka stuðning
við utangarðsfólk, m.a. með fjölgun búsetuúrræða fyrir fólk í jaðarstöðu
og fjölgun starfsmanna í vettvangs- og ráðgjafarteymi, ákvað umboðsmaður
að bíða með birtingu á niðurstöðu athugunar sinnar þar til honum hafa
borist greinarbetri upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir Reykjavíkurborgar
vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks og unnt verður að leggja mat
á þýðingu þeirra fyrir stöðu þessara mála.

Meðal þess sem komið hefur fram við athugun umboðsmanns er að það
hefur komið í hlut Reykjavíkurborgar umfram önnur sveitarfélög að takast
á við málefni húsnæðislausra. Umboðsmaður hefur við athugun sína stuðst
við skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005 um hverjir
teljist heimilislausir en hún er svohljóðandi:

„Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu hús-
næði, hann hefur ekki húsaskjól að staðaldri á sama stað og gistir
þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á
gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu
húsaskjóli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnaferð, eiga sögu
um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki
tryggt húsaskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr
hinum tímabundna húsnæði, eru taldir hér með.“ (Félagsmálaráðu-
neytið: „Skýrsla samráðshóps um heimilislausu. Aðstæður húsnæðis-
lausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta.“ Reykjavík, 2005.)

Athugun umboðsmanns hefur eins og áður segir einkum beinst að
Reykjavíkurborg en þau atriði sem varða lagalega stöðu þessara mála og
skyldur sveitarfélaga í þessum efnum kunna að eiga almennt við um

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026